



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 26. nóvember 2007

Tilvísun: UST20071100087/bs

Alþingi - Samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


### Tillaga til þingsályktunar um heilsársveg yfir Kjöl, 21. mál. Umsögn


Við er til bréfs Samgöngunefndar Alþingis dags. 14. nóvember 2007 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Í umræddri tillögu er lagt til að ríkisstjórnin láti gera einhvers konar mat á umhverfisáhrifum veglagningar yfir Kjöl. Um þennan veg var fjallað í drögum að umhverfisskýrslu vegna umhverfismats samgönguáætlunar 2007-2018. Þar segir á bls 56 um aðgerðir/vöktun vegna fyrirhugaðara hálandisvega þar á meðal Kjalvegur: *Vantar umfjöllun og ákvörðun yfirvalda jafnt og þjóðarumræðu um nýtingu hálandisins til framtíðar, sem og stefnumótun fyrir hálandið á borð við landsskipulag. Skilgreina þarf markmið með uppbyggingu hálandisvega. Skoða þarf og meta mismunandi valkosti, s.s. styttingu og uppbyggingu þjóðvegur á milli Norður- og Suðurlands.*

Umhverfisstofnun telur að skoða eigi vegaf framkvæmdir á hálandinu heildstætt eins og lagt er til í umhverfisskýrslu vegna samgönguáætlunar 2007-2018 í stað þess að skoða afmarkaða þætti einstakra framkvæmda eins og lagt er til í ofangreindri tillögu til þingsályktunar.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson

  
Helgi Jónsson  
Forstöðumaður